

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar Hellisvalla, 1. áfanga, Hellnum, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 25. ágúst 2005 nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð Hellisvalla, 1. áfanga, Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið felst í að reist verða 17 frístundarhús innan þéttbýlisins á Hellnum í landi Hellisvalla.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 10. október 2005.*

**Smári Björnsson** byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. september 2005 deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýju iðnaðarhverfi við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 4. október 2005.*

**Smári Björnsson** byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekvallir 18, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekvallir 18, Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að húsið hækkar úr 8 hæðum í 9. Fjöldi íbúða fer úr 32 í 34. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 3. október 2005.*

**Gunnhildur Gunnarsdóttir** arkitekt.